

1. september 1978.

365

Nr. 93.

AUGLÝSING um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Ólafur Jóhannesson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Benedikt Gröndal fer með utanríkisráðuneytið.

Hjörleifur Guttormsson fer með iðnaðarráðuneytið.

Kjartan Jóhannsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Magnús H. Magnússon fer með félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Ragnar Arnalds fer með menntamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Steingrímur Hermannsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið.

Svavar Gestsson fer með viðskiptaráðuneytið og

Tómas Árnason fer með fjármálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 1. september 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.